132 8. júlí. athugavert, að hreppsnefndin í Þverárhreppi hefir í brjefi sínu frá þessum degi getið þess, að læknirinn þá hafi talið Steindór flutningsfæran.

Samkvæmt því, er þannig er tekið fram, úrskurðast, að Bólstaðarhlíðarhreppi beri að endurgjalda Þverárhreppi 60 kr. fyrir húsaskjól, rúm, fæði o. fl., handa piltinum Steindóri Sigvaldasyni, á tímabilinu frá 8. sept. til 1. desbr. 1879, og enn fremur eptir löglega úrskurðuðum reikningi kostnað þann, sem leitt hefir af lækningum þeim, er Steindór hefir notið á tjeðu tímabili; en að öðru leyti er úrskurður sá, er þjer, herra amtmaður, og sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu hafið lagt á þetta mál, úr gildi felldur.

133 10. júlí. — **Brjef landshöfðingja** *til forstöðunefndar landsbókasafnsins* **um brjef Kriegers stiptamtmanns.** — Nokkru eptir dauða L. A. Kriegers stiptamtmanns sendi executor testamenti í búi hans, Holck overauditeur í Álaborg, stiptamtmanninum yfir Íslandi með brjefi dags. 8. ágúst 1841, sem hjermeð fylgir eptirrit eptir, skjalaböggul einn, er geymdur skyldi í skjalasafni stiptsamtsins og eigi opnast fyrr en að þeim tíma liðnum, er brjefið getur um.

Tímabil þetta er nú liðið, og hefir böggullinn því verið opnaður; fundust í honum auk uppkasta Kriegers stiptamtsmanns til embættisbrjefa þeirra, er hann samdi, meðan hann gegndi embættinu, safn af prívat brjefum þeim, sem hann á því tímabili (1829—1834 og 1836—1837) hefir fengið frá ýmsum mönnum, einkum embœttismönnum hjer á landi. — Það virðist nú eðlilegast, að hin fyrnefndu skjöl sjeu geymd í skjalasafni landshöfðingjadœmisins, en þar á móti virðist mjer bezt við eiga að geyma þau brjef, sem eru privats eðlis, í landsbókasafninu á sama hátt og önnur handrit, er því til heyra.

Jeg leyfi mjer því að senda hinni heiðruðu forstöðunefnd privatbrjefa-safn það, er L. A. Krieger stiptamtmaður samkvæmt áðursögðu hefir látið eptir sig, og jafnframt að skora á nefndina að taka brjef þessi til geymslu í landsbókasafninu samkvæmt reglum þeim, er gilda um slík skjöl.

134 11. júlí. — **Brjef landshöfðingja** *til oddvita hreppsnefndarinnar í Seltjarnarnesshreppi* **um lán til að byggja barnaskólahús.** — Eptir að hreppsnefndin hafði fengið samþykki sýslunefndarinnar í Kjósar- og Gullbringusýslu til þess að taka 2500 kr. lán til að byggja nýtt barnaskólahús úr steini í hreppnum, hafið þjer í umboði hreppsnefndarinnar 4. þ. m. farið þess á leit, að hreppsnefndin mætti fá lán þetta úr viðlagasjóði landsins þannig, að það verði ávaxtað og endurborgað á 28 árum með því að greiða þessi ár 6% árlega, af upprunalegri upphæð lánsins.

Lán þetta mun hreppsnefndin geta fengið borgað úr landssjóði gegn löglegu skuldabrjefi og að svo miklu leyti sem fje verður fyrir hendi í viðlagasjóði, þegar lánsins er vitjað.

EMBÆTTISVEITING.

25. dag júlímánaðar var presturinn að Söndum í Vestur-Ísafjarðarprófastsdœmi. síra Helgi Árnasyni, skipaður prestur að Nesþingum í Snæfellsnessprófastsdœmi.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Lundur í Borgarfjarðarprófastsdœmi (Lundar- og Fitjasóknir). Þessu brauði fylgir 200 kr. uppbót úr landssjóði, þar að auki er það metið 527,45 kr. Augl. 25. júní 1882.